

Ed.

366. Frumvarp til laga

[187. mál]

um breyting á lögum nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

1. gr.

C liður 4. gr. falli niður. D liður greinarinnar verði c liður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og taka þau til framlags ríkissjóðs árið 1969.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 5/1968 um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda var ákveðið að fella niður beint framlag úr ríkissjóði til Fiskveiðasjóðs á því ári. Þetta var talið unnt með tilliti til þess, að með lögum nr. 58/1968 um stofnfjárframlag til sjóðsins var ákveðið að verja 124 millj. kr. úr ríkissjóði sem stofnfjárframlag til sjóðsins, en slíkt hefði að öðru óbreyttu átt að bæta mjög innheimtuaðstöðu Fiskveiðasjóðs og minnka fjárbörf sjóðsins að öðru leyti. Eins og kunnugt er, breyttust aðrar forsendur um afkomu sjávarútvegsins á árinu 1968 hins vegar mjög verulega, og hefur það leitt til þess að grípa hefur orðið til nýrra efnahagsráðstafana til að styrkja grundvöll sjávarútvegs. Liður í þeim ráðstöfunum er að efla fjárhag stofnfjárframlags fiskiskipa, sbr. I. kafla laga nr. 79/1968 um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenskrar krónu. Af þessum ástæðum og vegna annarra ráðstafana, sem gerðar hafa verið til að skapa sjávarútvegi traustari afkomugrundvöll, var ákveðið að fella niður fjárveitingu til Fiskveiðasjóðs Íslands í fjárlögum ársins 1969, og er þetta frumvarp lagt fram í samræmi við þá ráðstöfun.

Auk framangreindra ráðstafana til styrktar sjávarútvegi, sem óbeint koma Fiskveiðasjóði til góða, veldur gengisbreytingin verulegri hækkun á útflutningsgjaldi, sem er mikilvægur tekjustofn sjóðsins. Er talið, að miðað við útflutningsspá Efnahagsstofnunarinnar fyrir árið 1969 muni tekjur Fiskveiðasjóðs af útflutningsgjaldi aukast um 16.5 millj. kr. á því ári frá því sem ella hefði orðið.

Lánveitingar sjóðsins hafa verið sem hér segir frá árinu 1965:

1968	372.5 ¹⁾	millj. kr.
1967	231.5	— —
1966	201.7	— —
1965	157.5	— —